

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
1. Tengsl námsefnisins við fræðina.....	5
1.1 Benjamin Bloom.....	5
1.2 Howard Gardner.....	9
2. Kennsluhugmyndir.....	12
2.1 Hugmyndir að kennsluaðferðum.....	12
2.2 Undirbúningshjólíð miðað við flokkunarkerfi Bloom.....	14
2.3 Fjölgreindarkenning Gardner höfð til hliðsjónar.....	15
3. Lokaorð.....	18
Heimildaskrá.....	19
Viðauki.	

1. Tengsl námsefnisins við fræðin

Í þessum kafla mun ég fjalla lítillega um tvo fræðimenn. Annars vegar Benjamin Bloom sem þekktur er fyrir flokkunarkerfi námsmarkmiða og hins vegar Howard Gardner en hann er hvað þekktastur fyrir fjölgreindarkenninguna sína. Í umfjöllun minni tengi ég kenningar þeirra við hugmyndir mínar um hvernig best sé að nýta söguna mína, [*Byggðin við ströndina*], í kennslu.

1.1 Benjamin Bloom.

Benjamin Bloom var prófessor við einn af háskólunum í Chicago. Um hann segir Elliot W. Eisner að mikinn hluta af starfsárum sínum hafi hann stundað rannsóknir á því hvernig nemendum tókst að vinna úr þeirri kennslu sem þeir fengu. Bloom telur mikilvægt að kennarinn sé til staðar fyrir nemandann til þess að hjálpa honum að komast af einu stigi yfir á annað (Tormod Kinnes. 1998–2007).

Bloom lagði ríka áherslu á að komast að því hvað færi í gegnum huga nemenda á meðan kennsla fer fram vegna þess að hann taldi að sú hugsun sem færi um huga þeirra bæri með sér skilninginn á því efni sem kennarinn fræddi þá um (Elliot W. Eisner, 2000:3).

Bloom er einn af hugmyndasmiðum „flokkunarkerfa“ kennslumarkmiða:

„Þar skiptir Bloom mannlegum hæfileikum í þrjú svið og var eitt þeirra hugrænt svið sem aftur skiptist í sex stig eftir því hve flókin hugarfærnin er.“

(Armstrong, Thomas, 2001:129).

Flokkunarkerfi Blooms nýtist vel sem gæðastjórnunartæki þegar unnið er að undirbúningi kennslu. Gardner talar um að flokkunarkerfið sé gott til þess að meta hversu djúpt FG-kennsla hefur rist í huga nemenda en FG-kennsla er kennsla þar sem fjölgreindirnar eru styrktar (Armstrong. 2001:129).

Flokkunarkerfi Bloom felur í sér þrjú meginsvið sem eru, þekkingarsvið, viðhorfa- og tilfinningasvið og leiknisvið.

Þekkingarsviðið, eins og líka hin sviðin, skiptist niður í sex stig. Hér á eftir mun ég eingöngu fjalla um stigin sex í þekkingarsviðinu. Bloom hvetur kennara til þess að hafa öll sviðin í huga þegar þeir setja upp markmið kennslunnar því hann telur að með því aukist líkurnar á að námsefnið nái til allra nemenda. Miklu máli skiptir hvernig kennarar setja fram námsefnið og telur Bloom það vera sannað að mikill þorri nemenda geti náð betri tókum á námsefni ef kennarar nýta sér flokkunarkerfið þegar þeir eru að undirbúa kennsluna. Til að geta náð sem bestum árangri telur Bloom nauðsynlegt að breyta vinnubrögðum kennara í tengslum við kennsluna (Briner. 1999).

Flokkunarkerfi Bloom var hugsað sem stuðningur við kennara svo þeir gætu betur skilið hvernig þeir gætu nálgast námsefnið á þann hátt að það kæmist betur til skila til nemenda. Flokkunarkerfið á einnig að einfalda kennurum vinnuna við að setja sér markmið í kennslunni. Eins og áður hefur komið fram þá skiptist flokkunarkerfið í þrjú megin svið og undir hverju sviði eru svo sex stig. Þrep þekkingarsviðs eru; minni, skilningur, beiting, greining, nýmyndun/nýsköpun og mat (Ingvar Sigurgeirsson. 1999 a:20).

Með því að hafa öll svið Bloom í huga þegar kennarar ætla að undirbúa kennsluna í verkefninu sem finna má í viðaukanum, [*Byggðin við ströndina*], ætti það að gera kennsluna fjölbreytta. Hugmynd að kennsluaðferð gæti verið að fara með nemendur í vettvangsferðir þar sem þeir safna að sér upplýsingum um atriði eins og hvernig lífið var fyrr á árum eða að þeir sjái muninn á því hvernig hafnarmálin eru í dag miðað við hvernig þau voru áður fyrr. Þegar komið er aftur í skólann er hægt að vinna áframhaldandi vinnu með þær upplýsingar sem nemendur eru búnir að við að sér. Má sem dæmi nefna að nemendur finna sér ljóð/kvæði sem samin hafa verið um staðinn þar sem þau voru í vettvangsferðinni en ef það er ekki til ljóð um þann tiltekna stað finna þá ljóð sem eru af svipuðum toga. Einnig væri upplagt að nemendur segðu frá upplifun sinni af staðnum. Líka væri hægt að skipta nemendum í litla hópa og hver hópur gæti komið með sínar hugmyndir um það hvernig hafnargarðurinn leit út fyrr á árum eða jafnvel hvernig Höfðinn var þegar bæði fallbyssurnar voru á honum og steinin sem leit út eins og tröllameyja. Síðan gæti hver hópur búið til líkan og gert greinargerð með gagnrýni um það hvers vegna hópurinn telur að það hafi verið nauðsynlegt að vera með fallbyssu á Höfðanum og hvert hlutverk hennar hafi verið, ásamt útskýringum á því hvernig verkið var unnið. Með því að vinna þetta á þennan hátt væru öll sviðin sett inn í kennsluna og kennslan ætti þannig að vera áhugahvetjandi fyrir nemendur.

Í bókinni *Að mörgu er að hyggja*, fer Ingvar Sigurgeirsson betur yfir þekkingarsviðið. Þar kemur fram eftirfarandi (Ingvar Sigurgeirsson 1999 a:20);

1. Minni: Þar er aðaláherslan á að muna staðreyndir og geta sagt frá þeim munnlega jafnt sem skriflega. Markmiðin hefjast oft á; nemendur viti, nemendur nefni, nemendur lýsi.

Dæmi:

- **Nemendur lýsi því hvernig lífið var fyrr á árum á Skagaströnd.**
- **Nemendur nefni ljóðahöfund/a frá Skagaströnd sem gefið hefur/hafa út ljóðabók.**

2. Skilningur: Þar þarf að gæta þess að nemendur skilji það sem þeir heyra, lesa um og sjá. Markmiðin hefjast oft á þessum orðum; nemendur geti útskýrt, nemendur geti sagt frá, nemendur geti borið saman eða jafnvel lýst því sem þeir sjá.

Dæmi:

- **Nemendur útskýri það sem þeir sáu í ferðinni á Höfðann.**
- **Nemendur geti sagt frá upplifun sinni í ferðinni til Kálfshamarsvíkur.**

3. Beiting: Aðaláherslan í þessu þrepi er að nemendur geti notað þekkingu sína og aðferðir, geti nýtt sér reglur, komið með dæmi og nýtt sér alla þessa þætti við þekktar og óþekktar aðstæður. Markmiðin byrja oft á orðunum; nemendur geti notað, nemendur geti flokkað, nemendur geti sýnt, nemendur geti reiknað, nemendur geti skrifað.

Dæmi:

- **Nemendur geti sýnt fram á að Þórdís spákona hafi verið uppi eins og talað er um í þjóðsögunum.**
- **Nemendur flokki og skrái niður mismunandi fiskitegundir, sem voru veiddar í byrjun nítjándu aldar og fram á tuttugustu öld, á Skagaströnd.**

4. Greining: Áherslan er á að nemendur geti útskýrt, ásamt því að segja frá hvernig þeir upplifa og skilja þær aðstæður sem þeir hafa séð og tengt þær við nám og starf. Nemendurnir þurfa þannig að ná því að geta útskýrt með rökum hvers vegna hlutirnir eru eins og þeir eru. Þeir þurfa að geta aflað sér upplýsinga og heimilda sem og geta stutt mál sitt með heimildum eða geta sett fram tilgátu og rökstutt hana.

Dæmi:

- Nemendur skoði heimildir um lifnaðarhætti fólks hér áður fyrr á Skagaströnd og færi rök fyrir því hvers vegna það lifði á þann hátt sem það gerði.
- Nemendur nái að skilja aðstæður fólksins og geti tengt þær við nútímann.

5. **Nýmyndun/nýsköpun:** Nemendur nýta þekkingu, hæfileika og hugmyndir og komi fram með þær ásamt tillögum og lausnum. Á þessu þrepi væri hægt að nýta samvinnunám meðal nemendanna þar sem hver nemandi kemur fram með sínar hugmyndir og saman þróa nemendur sínar eigin leiðir.

Dæmi;

- Nemendur vinni saman að því að búa til byggðina í Kálfshamarsvík eins og hún leit út fyrir á öldum.
- Nemendur semji handrit sem tengist námsefninu.

6. **Mat:** Nemendur meti þær upplýsingar sem þeir hafa fengið, rökstyðji mat sitt ásamt því að geta metið hugmyndir, skoðanir, aðferðir, gildismat og viðhorf. Þarna þurfa nemendur að geta metið viðhorf annarra, borið þau saman og tekið afstöðu til þeirra.

Dæmi;

- Nemendur skrifi gagnrýna greinargerð um lífið á Skagaströnd áður fyrr og rökstyðji gagnrýni sína.
- Nemendur velji sér verkefni og geri grein fyrir því hvers vegna þeir völdu það ásamt útskýringu á mati verkefnisins.

1.2 Howard Gardner

Howard Gardner er prófessor við Harward háskólann í Boston. Hann aðhyllist hugmyndina um margþátta greindir eða fjölgreindir. Gardner telur að allir einstaklingar hafi átta megin svið greindar sem hægt sé að aðgreina. Þessar greindir eru; málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind,

samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. Gardner telur að hver einstaklingur búi yfir öllum þessum greindum og hafi hæfileika til að þróa þær á viðunandi getustig. Hann telur jafnframt að þar komi til kasta kennarans við að hjálpa nemendum sínum, meðal annars með því að nota fjölbreyttar kennsluáðferðir (Armstrong, Thomas 2001:33)

Gardner telur að því miður sé ofuráhersla lögð á tvær greindir í skólunum, sem eru málgreind og rök-og stærðfræðigreind. Þessu vill hann breyta þannig að í náminu reyni á sem flesta greindarþætti þar sem allar greindirnar séu jafn mikilvægar (Ingvar Sigurgeirsson 1999a:27).

Gardner telur að um það leyti sem börn byrja í skóla hafi þau styrkt sumar greindir meira en aðrar og því þurfi að styrkja þau við að móta einnig hinar greindirnar. Gardner telur einnig mikilvægt að þeir kennarar sem ætla að nýta sér fjölgreindarkenninguna í skólastarfi þurfi að vita hvar þeir sjálfir eru staddir í greindunum átta, þá aðallega í hvaða greindum þeir séu sterkastir og einnig í hvaða greindum þeir séu veikastir (Armstrong, Thomas 2001:25)

Efkoma eigi til móts við hvern og einn á réttum forsendum þurfi námið, a.m.k. að hluta til, að vera einstaklingsbundið og gefa þurfi kost á miklu vali (Ingvar Sigurgeirsson 1999a:27).

Grundvallaratriði fjölgreindarkenningarinnar felur aðallega í sér það sem flestir góðir kennarar hafa alltaf gert en það er að einblína ekki eingöngu á töfluna og textann heldur að fara út fyrir hinn hefðbundna ramma til þess að vekja áhuga hjá nemendum. Kennari sem kennir eftir fjölgreindakenningunni er sífellt að skipta um aðferðir, allt frá því að þjálfa huga nemandans yfir í það að nota tónlist sem kennslutæki eða jafnvel að styrkja líkamsvitundina og fara út og skoða umhverfið. Um það segir Thomas Armstrong:

FG-kennarinn lætur nemendur vinna saman á mismunandi hátt (þ.e. tvo og tvo saman, í litlum eða stórum hópum). Hann áætla tíma fyrir nemendur til að íhuga sjálfa sig, vinna verkefni þar sem þeir ráða hraðanum og tengja námsefnið við persónulega reynslu og tilfinningar. Og hvenær sem færi gefst skapar hann möguleika á að tengja námið lifandi hlutum eða náttúrunni (Armstrong, 2001:51).

Í bókinni *Fjölgreindir í skólastofunni* er gerð grein fyrir hverri af hinum átta greindum fjölgreindarkenningar Gardners. Hér á eftir er fjallað um hvernig þær tengjast verkefnum sem mælt er með í tengslum við söguna [*Byggðin við ströndina*] (Armstrong, 2001:52).

1. Málgreind: Þankahrið (brainstorming) er góð byrjun á verkefninu [*Byggðin við ströndina*]. Þá er byrjað á því að heyra hvað nemendur þekkja mikið af sögu Skagastrandar, Kálfshamarsvíkur, Höfðans, Þórdísar spákonu og hafnargerðarinnar í bænum. Nemendur geta jafnvel skrifað á blað hugmyndir sínar sem hægt er svo síðar að nota í bekkjarblað. Með þessu er málgreindin styrkt.

2. Rök- og stærðfræðigreind: Þarna væri upplagt að láta nemendur búa til kynningarbækling um staðinn og líka að búa til líkan af honum. Nemendur gætu reiknað út og skoðað hvar og hvernig hlutirnir ættu að vera, eins og hús og annað sem tengist bænum. Líka væri hægt að búa til spil um staðinn og fleira.

3. Rýmisgreind: Til að styrkja þessa greind væri gaman fyrir nemendurna að sjá á súluriti fólksfjöldann á Skagaströnd bæði nú og áður. Einnig væri hægt að skoða hvernig kynjaskipting íbúanna væri háttáð. Hægt væri að skoða gömul kort af bænum og sjá gömul myndbönd eða skyggjur því allt sjónrænt styrkir greindina.

4. Líkams- og hreyfigreind: Leikræn tjáning er góð leið í líkams- og hreyfigreind en þá geta nemendurnir sett á svið leikrit sem tengist lífinu á Skagaströnd og/eða Kálfshamarsvík á árum áður. Það að nota hreyfingar á allan hátt styrkir greindina, eins og t.d. æfingar í líkamsvitund og alls konar skapandi hreyfingar.

5. Tónlistargreind: Hún fellst í þáttum eins og að syngja, hvort sem það er einsöngur eða hópsöngur. Nemendur gætu samið söngleik um Skagaströnd og/eða Kálfshamarsvík og lífið á þessum stöðum fyrr á árum.

6. Samskiptagreind: Samskipti á milli nemenda skipta miklu máli í þessari greind. Hlutverkaleikurinn styrkir greindina þannig að gagnlegt gæti verið að gera leikþátt um fólkið fyrr á tímum. Halda mætti bekkjarkvöld þar sem sett er á svið baðstofustemmingin eins og algengt var fyrr á árum.

7. Sjálfsþekkingargreind: Ef nemendur fá að setja sér markmið í einhverju ákveðnu verkefni, til dæmis varðandi heimavinnu, styrkir það greindina. Nemendur

gætu þarna búið sjálfir til verkefni, jafnvel nokkrir í hóp, verkefni sem snertir heimabyggðina og síðan myndi hver einstaklingur vinna verkefnið heima.

8. Umhverfisgreind: Til að styrkja umhverfisgreindina væri tilvalið að fara í vettvangsferðir út í náttúruna eins og á Höfðann og skoða hvernig hann hefur breyst. Sem dæmi var áður fyrir á honum tvær fallbyssur sem höfðu ákveðið hlutverk. Gagnlegt getur líka verið að fara í fjöruferðir, tína þar ýmislegt áhugavert og skoða það svo í smásjá og/eða víðsjá. Margt fleira er hægt að gera sem tengist umhverfisgreindinni.

Howard Gardner leggur ríka áherslu á að kennarinn nýti hugmyndaauðgi og reynslu nemenda sinna og hafi kennsluna sem fjölbreyttasta. Gardner talar líka um að þegar lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir sé nauðsynlegt að hver nemandi fái að nýta þróuðustu greindina sína í náminu einhvern hluta af skólatímanum:

Gardner bendir á að vikka megi hugi nemenda með því að nota það sem hann kallar „óvæntar aðstæður Kólumbusar.“ Hann notar þetta heiti sérstaklega um það þegar kanna á ranghugmyndir í náttúruvísundum en það getur einnig átt prýðilega við þegar vikka skal greindarsvið nemenda og þróa hæfni og skilning á æðri stig“ (Armstrong, 2001:128).

Þarna á Gardner við að nemendur þurfa nauðsynlega að fá að spreyta sig á ýmsum hlutum sem þeir hafa ekki gert áður til þess að styrkja sem flestar greindir sínar. Kólumbus ákvað að sigla áfram þó svo að menn segðu að jörðin væri flöt en það er einmitt þannig sem við þurfum að hvetja nemendur til að gefast ekki upp þó svo að þeim finnst þeir ekki geta hlutina (Armstrong, 2001:128).

„Óvæntar aðferðir Kólumbusar“ eins og Gardner kemst svo skemmtilega að orði krefst mikillar útsjónarsemi og þess vegna er svo mikilvægt að kennarinn viti hvar nemendurnir standa í greindunum átta, það er að segja í hvaða greind þeir eru sterkastir og hvar þeir eru veikastir. Til þess að komast sem best að því getur verið gott fyrir kennarann að skrá athugasemdir hjá sér í glósubók eða dagbók eftir hvern tíma eða dag (Armstrong, 2001:34-35). Ef kennarinn er vakandi fyrir nemendum sínum þá veit hann hvenær rétti tíminn er til þess að nota þessar óvæntu aðstæður (Armstrong, 2001:128).

Mikilvægt er að menn átti sig á því að allar aðferðir í kennslu eru ólíkar og mismunandi er hvernig markmiðin eru og hvernig gengur að ná þeim. Misjafnt er hvernig kennslu er háttað og þar af leiðandi er misjafnt hvernig kennslan er og telur Ingvar Sigurgeirsson að ástæðan sé samspilið á milli kennara og nemenda. Samspil milli kennara og nemenda eru svo flókin að lítil hreyfing, orðalag við kynningu eða smá

truflanir getur haft mikil áhrif á það hvernig til tekst í kennslunni. Atriði eins og hvernig kennarinn kemur fram og hvaða kennsluáferðir hann notar geta gengið svo vel að árangurinn verður með besta móti. Svo getur staðan verið allt öðruvísi hjá öðrum kennara, þó svo að þeir beiti sömu aðferð í öllum aðalatriðum, en þá getur allt farið á annan veg - jafnvel farið alveg í vaskinn (Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:10).

2. Kennsluhugmyndir.

2.1 Hugmyndir að kennsluáferðum

Í gegnum tíðina hafa margar vangaveltur og spurningar skotið upp kollinum varðandi það hvaða aðferðir geti verið best að nota við kennslu nemenda á grunnskólaaldri.

Hugsmíðikenningin er ein af þeim kenningum sem varða aðferðir í kennslu og hefur hún á síðustu tveimur áratugum vakið verðskuldaða athygli. Umfjöllun um hugsmíðikenninguna hefur aðallega verið í því fólgin að skoða hvernig nemendur læra. Þessi umfjöllun felst í þeirri hugmynd að þekking getur ekki verið aðskilin frá skilningi og að skilningur eða þekking sameinist þegar samspil verður á milli skilnings og nýrrar reynslu og fleira (Hafdís Guðjónsdóttir og fl. 2005:15).

Undanfarin tuttugu ár hafa einnig verið gefnar út margar bækur sem fjalla um ólíka kennsluáferðir og gerðar hafa verið margar tilraunir í skólum til þess að prófa fjölbreyttar kennsluáferðir. Margskonar aðferðir eru til sem hægt er að nýta í kennslu. Má þar nefna nokkrar aðferðir sem hægt er að skoða betur á heimasíðu Ingvars Sigurssonar <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/kennsluadferdirnar.htm>; svo sem, samvinnunám, hlutverkaleiki, lausnarleitarnám, fjölþrepakennslu, landnámsaðferðin og söguaðferðin (Ingvar Sigurgeirsson, 2002).

Áður en kennari byrjar að undirbúa kennslu er mikilvægt að hann sé með það á hreinu hve miklum tíma hann ætlar að verja í það námsefni sem hann er að fara að kenna. Kennarinn þarf einnig að átta sig á hvaða aðferð hann telji vera besta og hann þarf einnig að kunna að beita þeirri aðferð svo að hámarksárangur náist (Ingvar Sigurgeirsson, 1999:51).

Fræðimennirnir tveir, Bloom og Gardner sem hér hefur verið fjallað um að framan, tala báðir um mikilvægi þess að hafa kennsluna sem fjölbreyttasta því þannig verði námið bæði skemmtilegra og eftirminnilegra.


Í Aðalnámskrá grunnskóla 1999 (samfélagsgreinar) kemur eftirfarandi fram:


Nemendur þurfa að fá tækifæri til að kynnst mismunandi gerðum upplýsinga og fást við að afla þeirra með ýmisskonar aðferðum og tækni, gæta að hvað er helst að marka og hvað hefur hæpnara sannleiksgildi og prófa hvernig hægt er að koma fróðleik á framfæri á mismunandi hátt (Aðalnámskrá grunnskóla, 1999:8).

Í Aðalnámskránni kemur greinilega fram mikil hvatning til kennara að vera með sem fjölbreyttastar kennsluáferðir. Í Aðalnámskránni er einnig talað um að nemendur læri að setja sig í spor annarra ásamt því að þeir geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar með margvíslegum aðferðum, eins og t.d. leikrænni tjáningu, töluðu og rituðu máli og fleiru (Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar, 1999:6).

Til þess að allir nemendurnir fái notið sín er mikilvægt að styrkja allar greindirnar sem Gardner bendir á eða eins og Ingvar Sigurgeirsson talar um í bók sinni [*Að mörgu er að hyggja*], (1999:97), þar talar hann um „Undirbúningshjólíð“ (e. planning wheel) en það þýddi hann úr enskri bók sem heitir: [*The Key to Successful Interdisciplinary*] eftir Shirley Heck. Undirbúningshjólíð getur verið gott að hafa til hliðsjónar þegar verið er að undirbúa kennslu. Ef allt það sem fram kemur í sögunni [*Byggðin við ströndina*] um Skagaströnd og Kálfshamarsvík er notað og sett inn í undirbúningshjólíð gæti það litið svona út.

2.2 „Undirbúningshjólíð“ miðað við flokkunarkerfi Bloom






Kunnátta og minni: Nemendur fari í vettvangsferðir um Skagaströnd til þess að læra að þekkja staðinn betur sem og sögu hans. Nemendur finni heimildir sem tengjast Skagaströnd, lesi þær og skrái hjá sér þá þætti sem þeim þykja athyglisverðastir.

Skilningur: Nemendur fari á Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi og kynni sér lifnaðarhætti fólks áður fyrr. Með því geta þeir betur gert sér grein fyrir hvernig hluti fólks notaði á þeim tíma, bæði á Skagaströnd og annars staðar.

Beiting: Nemendur hanni einhvern hlut frá fyrri tíma, t.d. 1930-1940, hvort heldur sem er í smíðum eða textílmenn. Síðan nota þeir þessa hluti á sýningu þar sem möguleiki væri á að bjóða foreldrum að koma og sjá vinnu nemenda.

Greining: Nemendur afli sér upplýsinga um veiðiaðferðir á tímabilinu 1930-1940. Síðan væri unnið með þær upplýsingar í ritgerðasmíð til dæmis með því að setja það á glæru, eins og í PowerPoint-forriti, og að lokum kynna nemendur verk sín fyrir öðrum nemendum. Hægt væri að skipta nemendum í hópa, hvort sem er stóra eða litla.

2.3 Fjölgreindarkenning Gardners höfð til hliðsjónar.



Málgreind: Hægt væri að byrja á þankahrið (e. Brainstorming) og athuga hvað kemur upp í huga nemenda þegar Kálfsþamarsvík er nefnd. Gott er að skrá niður hugmyndir nemendanna jafnóðum og minna þá á að öll svör eru jafngóð. Einnig mætti búa til spil sem tengist Kálfsþamarsvík. Hægt væri að fara í orðaleiki, til dæmis þar sem allir sitja í hring og sá fyrsti segir orð sem tengist tímanum þegar búið var í Kálfsþamarsvík. Næsti nemandi tekur svo við og segir fyrsta orðið og síðan kemur hann með nýtt orð sem tengist gamla tímanum. Þannig gengur leikurinn áfram en hann þyngist alltaf þar sem fleiri og fleiri orð bætast við. Ef nemandi man ekki orðið eða ruglast þá er hann úr, þangað til einn stendur eftir, sem sigurvegari.

Nemendur gætu líka búið til upplýsingarit/kynningarþækling um Kálfsþamarsvík í Publisher-forritinu og halda mætti málstofu þar sem allir nemendurnir tjá sig um gamla tímann og fleira.

Rök- og stærðfræðigreind: Eitt af því sem hægt er að nýta í þessari greind er (e. lausnarleitarnám) en þar vinna nemendur saman eins og vísindamenn. Nemendur kanna ákveðna hluti, til dæmis með því að búa til spurningarlista og taka viðtöl. Þeir fara í vettvangsferðir og gera ýmsar tilraunir en um þessa aðferð má lesa betur hér að framan. Búa má til orðadæmi sem tengjast þessu tímabili, það er tímabilinu þegar búið var í Kálfsþamarsvík. Hér væri hægt að notast við hlutverkaleiki og margt fleira.

Rýmisgreind: Þegar nemendurnir fara í Kálfshamarsvík er mikilvægt að vera með myndavél og taka nóg af myndum af staðnum. Þegar komið er aftur í skólann eru myndirnar notaðar til þess að búa til líkan af staðnum eins og nemendur telja að hann hafi litið út áður fyrr. Einnig má búa til kort af Kálfshamarsvík í tölvunni og fleira.

Tónlistargreind: Búa mætti til söngleik sem tengist þessu tímabili. Einnig væri hægt að búa til hljóðfæri sem notuð eru í söngleiknum. Hægt væri að búa til sögu um Kálfshamarsvík og þegar hún væri lesin upp mætti spila tónlist milt undir.

Líkams- og hreyfigreind: Í þessari greind mætti láta nemendur matreiða og borða mat frá fyrri tíð. Í framhaldi af því væri gaman ef þeir byðu foreldrum sínum að borða með sér því þá gætu þeir jafnvel upplýst þá um hluti sem tengjast matargerð á tímabilinu 1930-1940. Nemendur gætu æft sig í að tjá sig á leikrænan hátt hvernig þeir telja að fólk hafi verið á þessu tímabili og hvernig þeir telja að vinnubrögðin hafi verið þar sem ekkert rafmagn var eða stórar vinnuvélar. Í smíði gætu nemendur hannað hluti frá þessum tíma og margt fleira.

Samskiptagreind: Samvinnunám skiptir hér miklu máli þar sem nemendur vinna saman að verkefni Kálfshamarsvík. Nemendur skipta með sér verkum en svona vinna byggist á því að allir séu virkir, að allir fái eitthvert hlutverk sem þeim þykir gaman að vinna að. Samskipti nemenda eru mjög mikilvæg og að þeir læri að tjá sig hver við annan. Bekkjarkvöld væru tilvalin og þar væri hægt að hafa baðstofustemningu þar sem nemendur gætu farið með ljóð, lesið sögur, sungið og fleira ásamt því að vera með harðfisk, hákarl (ef hægt væri að nálgast hann) og þess háttar mat á boðstólum.

Sjálfsþekkingargreind: Nemendur þurfa að læra að treysta á sjálfan sig og vinna öðru hvoru sjálfstætt. Þeir koma með hugmyndir sem tengjast námsefni og ræða um það saman í hópnum, síðan vinna þeir betur að efni hver fyrir sig, ef allir eru sammála.

Umhverfisgreind: Í þessari greind væri upplagt að nemendur kynntust náttúrunni og gjafir hennar eins og var hér áður fyrr, til dæmis með því að sá fræjum eins og var gert mikið áður fyrr og margt fleira. Tilvalið væri að fara í náttúruskoðun, eins og þegar farið er í vettvangsferð til Kálfshamarsvíkur og væri þá hægt að skoða hvaða fuglategundir eru þar, velta fyrir sér hvort fleiri fuglategundir voru þar áður fyrr hvernig blóm sjá nemendur og fleira? Skoða mætti líka hvernig bændur unnu á þessu tímabili, það er frá 1930-1940 og hvort vinnubrögðin séu eins í dag?

Að lokum er vert að benda á að við undirbúning kennslu er upplagt að notast við það efni sem Ingvar Sigurgeirsson hefur gefið út. Er þar um að ræða tvær bækur sem

margóft hefur verið minnst á hér að framan. Þær heita [*Að mörgu er að hyggja*] og [*Liftróf kennsluaðferðanna*] auk vefsíðu sem hann heldur úti. Þegar kennarinn er að vinna í kennsluáætluninni er gott að vera með bækurnar og vefinn frá honum til hliðsjónar því þar eru margar góðar hugmyndir að finna.

3. Lokaorð.

Báðir fræðimennirnir sem fjallað hefur verið um hér að framan, Bloom og Gardner, tala um mikilvægi þess að kennarar hafi kennsluna sem fjölbreyttasta og geri

hana skemmtilega og áhugaverða fyrir nemendur. En hvernig fara kennarar að því að uppfylla það?

Ef skoðaðir eru allir flokkarnir, eða greindirnar, sem þeir Bloom og Gardner benda á, væri niðurstaðan fjölbreyttar kennsluaðferðir. Fjölbeyttar kennsluaðferðir byggja ekki bara á að nemendur sitja í kennslustofunni og hlusti á kennarann útskýra, fræða, hlýða yfir eða vinni í verkefnabókum, þó þær myndu líka byggjast á þeim þáttum. Kennslan myndi byggjast á öllum þeim hugmyndum sem fram hafa komið hér að framan, og gott betur. Það er nefnilega gaman að sjá hvað það eru til margar kennsluaðferðir og ógrynni af hugmyndum sem hægt er að nota.

Niðurstaða mín er sú að það er ekki spurning í mínum huga, að því fjölbreyttari kennsluaðferðir sem nýttar eru í kennslunni, þeim mun áhugasamari verða bæði kennarar og nemendur. Eftir því sem lífið er fjölbreyttara og hefur upp á meira að bjóða finnst okkur það skemmtilegra og þar er alveg eins með kennsluna og kennsluaðferðirnar. Til þess að bæði kennarar/nemendur fái ekki leið á kennslunni og náminu þarf kennslan að vera sem fjölbreytilegust.

Mig langar að enda á viskuorðum að mér finnst sem ég rakst eitt sinn á þegar ég var að vafra um netið:

„Það sem börn læra ræðst ekki bara af því hvað þeim er kennt heldur líka hvernig þeim er kennt, hversu uppbyggilegur grundvöllur þeirra er sem og áhugi þeirra og reynsla

(Saskatoon Public Schools. 2004-2006:1).

Eins og sjá má af þessari setningu þá er mikilvægt að kennslan sé uppbyggileg og að hún nái til nemenda þannig að þeir sýni áhuga á því sem fram kemur í kennslunni.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. (2006). *Almennur hluti*. Menntamálaráðuneytið

Aðalnámsskrá grunnskóla. (1999). *Samfélagsgreinar*. Menntamálaráðuneytið

Armstrong, Thomas. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni*. [Erla Kristjánsdóttir]
Reykjavík: JPV.útgáfa

Árdís Ívarsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir og Matthildur Guðmundsdóttir. (2005). *Fagleg
kennsla í fyrirrími*. Reykjavík: Offsetfjölritun hf.

Briner, Martin. (1999) *Miscellaneous*. Skoðað 02.04.2007:

<http://www.dean.usma.edu/math/activities/cape/Constructivism/501learn.htm>

Eisner, Elliot W. (2000). *Benjamin Bloom*. Paris: International Bureau of Education

Skoðað 02.04.2007: <http://www.ibe.unesco.org/publications/ThinkersPdf/bloome.pdf>

Ingvar Sigurgeirssonar. (2002). *Kennsluáðferðavefurinn*. Skoðað 19.04.2007:

<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/kennsluadferdirnar.htm>

Ingvar Sigurgeirsson. (1999)a. *Að mörgu er að hyggja*. (3. útgáfa 1999). Reykjavík:
Æskan ehf

Ingvar Sigurgeirsson. (1999)b. *Litróf kennsluáðferðanna*. Reykjavík. Æskan ehf.

Saskatoon Public Schools. (2004-2006). *Instruction Strategies Online*. Skoðað

18.03.2007: <http://olc.spsd.sk.ca/DE/PD/instr/index.html>

Tormod Kinnes. (1998–2007). Skoðað 11.04.2007:

<http://oaks.nvg.org/taxonomy-bloom.html#a>